



## Vátryggingafélag Íslands hf.

### Ársreikningur fyrsta ársfjórðungs 2017

Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir fyrsta ársfjórðung 2017 var staðfestur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 2. maí 2017. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

### Helstu niðurstöður fyrsta ársfjórðungs 2017

- Hagnaður tímabilsins nam 191 m.kr. samanborið við 145 m.kr. sama tímabil árið 2016.
- Bókfærð iðgjöld jukust um 17% frá sama tíma í fyrra.
- Eigin tjónakostnaður hækkaði um 18%.
- Kostnaðarhlutfall lækkaði í 20,3% úr 22,1% á sama tíma í fyrra.
- Samsett hlutfall var 107,2% en var 104,5% á sama tímabili í fyrra.
- Tekjur af fjárfestingastarfsemi námu 677 m.kr. samanborið við 435 m.kr. á sama tíma 2016.
- Hagnaður á hlut nam 0,09 krónum samanborið við 0,06 krónur fyrir sama tímabil 2016.

### Jakob Sigurðsson, forstjóri

„Iðgjöld félagsins eru að vaxa talsvert og munu gera það áfram, ekki síst vegna hærri meðaliðgjalda, en einnig vegna nýrra viðskipta. Þannig eru eigin iðgjöld að vaxa um 12,2% frá sama tímabili í fyrra, en einnig eru bókfærð iðgjöld að vaxa um 17%, sem gefur til kynna áframhaldandi vöxt eigin iðgjalda á árinu. Félagið hefur frá árinu 2015 unnið að hækkuðum iðgjaldum til að bregðast við mikilli hækkun í tíðni tjóna og tjónakostnaðar. Því er tjónakostnaður á fjórðunginum nokkur vonbrigði, en vel er fylgst með þeirri þróun áfram og brugðist frekar við ef þörf krefur. Samsett hlutfall var 107,2% sem er hærra en á sama tíma í fyrra, en afkoma ökutækjatrýgginga og slysatrýgginga er enn óviðunandi þó miði í rétta átt. Áætlanir félagsins gera engu að síður ráð fyrir að markmið félagsins um að samsett hlutfall á árinu 2017 verði undir 100% muni nást.

Félagið eignaðist 21,8% hlut í Kviku banka á tímabilinu. Kvika er öflugt fyrirtæki sem stendur frammi fyrir spennandi tækifærum auk þess sem kaupin gefa áhugaverða möguleika til framtíðar. Ávöxtun fjárfestingaeygna gekk ágætlega að undanskildum skráðum innlendum hlutabréfum. Ávöxtun fjárfestingaeygna nam 1,97% á fjórðunginum.

Eins og greint var frá í byrjun árs hefur verið unnið að rýni og endurskoðun á stefnu VÍS með víðtækri þátttöku stjórnar og starfsfólks. Þessari vinnu er nú lokið og er unnið að innleiðingu. Gert er ráð fyrir að niðurstöður verði kynntar frekar síðar í vor. Ég vil nota tækifærið og þakka viðskiptavinum VÍS, starfsfólki, stjórn og hluthöfum fyrir ánægjulegt samstarf og óska þeim góðs gengis í framtíðinni“

### Horfur

Gert er ráð fyrir ágætum iðgjaldavexti á árinu 2017 og er reiknað með að samsett hlutfall verði undir 100%.

### Kynningarfundur

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn hjá VÍS í Ármúla 3, 5. hæð, þann 3. maí n.k. kl. 8:30. Þar munu Jakob Sigurðsson forstjóri, Guðmar Guðmundsson framkvæmdastjóri fjármálasviðs og Tryggvi Guðbrandsson forstöðumaður fjárfestinga kynna afkomu félagsins og svara spurningum. Kynningarefni fundarins verður aðgengilegt að honum loknum á vef VÍS: [www.vis.is](http://www.vis.is)

### Fjárhagsdagatal

Viðburður	Dagsetning:
Aðalfundur 2017	15. mars 2017
1. ársfjórðungur	2. maí 2017
2. ársfjórðungur	24. ágúst 2017
3. ársfjórðungur	24. október 2017
Ársuppgjör 2017	8. vika 2018

### Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Guðný Helga Herbertsdóttir í síma 660-5191 og í netfangi [fjarfestatengsl@vis.is](mailto:fjarfestatengsl@vis.is).



## Helstu niðurstöður og lykiltölur fyrsta ársfjórðungs 2017

	m.kr.	1F 2017	Δ %	1F 2016
Rekstur	Iðgjöld tímabilsins	4.820	11,9%	4.307
	Eigin iðgjöld	4.648	12,2%	4.142
	Fjármunatekjur	677	55,6%	435
	<b>Heildartekjur</b>	<b>5.369</b>	<b>16,3%</b>	<b>4.618</b>
	Tjón tímabilsins	-3.513	2,9%	-3.413
	Eigin tjón	-4.017	18,7%	-3.385
	Rekstrarkostnaður	-1.122	3,0%	-1.089
	Virðisrýrnun óe. eigna	0	0	0
	<b>Heildargjöld</b>	<b>-5.194</b>	<b>15,1%</b>	<b>-4.513</b>
	<b>Hagnaður</b>	<b>191</b>	<b>31,7%</b>	<b>145</b>
Hlutföll	Tjónahlutfall	72,9%	-6,4%	79,3%
	Eigið tjónahlutfall	86,4%	4,6%	81,8%
	Kostnaðarhlutfall	20,3%	-1,8%	22,1%
	Endurtr.kostnaðarhlutfall	14,0%	10,8%	3,2%
	<b>Samsett hlutfall</b>	<b>107,2%</b>	<b>2,7%</b>	<b>104,5%</b>
	m.kr.	31.12.2016	31.12.2016	
Efnahagur	<b>Eignir</b>			
	Fjárfestingar	31.742	33.069	
	Handbært fé	1.683	1.063	
	Viðskiptakröfur	9.742	5.706	
	Aðrar eignir	7.357	6.485	
	<b>Eignir samtals</b>	<b>50.524</b>	<b>46.323</b>	
	<b>Skuldir</b>			
	Eigið fé	15.538	16.371	
	Víkjandi skuldabréf	2.547	2.574	
	Vátryggingaskuld	28.656	24.936	
Aðrar skuldir	3.783	2.442		
<b>Skuldir samtals</b>	<b>50.524</b>	<b>46.323</b>		
Hlutföll	Eiginfjárlutfall	30,8%	35,3%	
	Arðsemi eigin fjár	4,9%	8,6%	
	Gjaldþolshlutfall samstæðu (SII)	1,53	1,72	

## Til athugunar fyrir fjárfesta

VÍS vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á þeim tímapunkti þegar fréttatilkynningin er fyrst birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.